

**Annar fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,
starfstímabilið 2022 – 2023,
miðvikudaginn 31 ágúst kl. 09.00-1600**

Mætt: Guðbjörg Pálsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda S. Gunnarsdóttir, Ásdís M. Finnbogadóttir, Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir og Hulda Björg Óladóttir.

Gestir: Kristjana E. Guðlaugsdóttir sviðstjóri kjara- og réttindasviðs, Harpa Júlía Sævarsdóttir sérfræðingur og Eva Hjörtína Ólafsdóttir kjararáðgjafi, Edda Dröfn Daniélsdóttir sviðstjóri fagsviðs, Margrét Rafnsdóttir fulltrúi, Ari Brynjólfsson kynningarstjóri, Sigríður Elín Ásmundsdóttir ritstjóri og Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri. Ásta Thoroddsen forstöðumaður R&P setursins ICNP, Guðrún Auður Harðardóttir fulltrúi frá embætti landlæknis, Brynja Örlygsdóttir formaður stjórnar R&P setursins ICNP og Hanna Kristín Guðjónsdóttir verkefnisstjóri frá Landspítala.

Fundarritari: Guðrún Yrsa Ómarsdóttir

Til kynningar:

1. Guðbjörg Pálsdóttir formaður kynnti starfsemi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og hlutverk stjórnarmanna, greiðslur fyrir stjórnarfundi, starfsáætlun stjórnar næsta vetur og siðareglur hjúkrunarfræðinga. Starfsfólk Fíh kynntu sín störf og sögðu frá helstu verkefnum félagsins.

Til umræðu:

2 Staðan á vinnumarkaðnum

Formaður og varaformaður fóru yfir hve alvarleg staðan var í sumar á heilbrigðisstofnunum á landinu, mönnun léleg og mikið álag sem fer versnandi. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn mælist til þess við hjúkrunarfræðinga að þeir horfi betur til sinna þarfa þegar vinnuframlag er ákveðið og láti ekki eftirspurnina stýra því einvörðungu. Þeir aðgreini betur vinnu frá einkalífi því mikilvægara er að hjúkrunarfræðingar haldist í starfi en hætti m.a. vegna óhóflegs vinnuálags.

3 Fundur með heilbrigðisráðherra

Formaður á með Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra miðvikudaginn 14. september næstkomandi. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn bindur miklar vonir við fundinn og hlakkar til að fréttast af honum og viðbrögðum ráðherra.

4. Samskiptastefna Fíh kynning á drögum

Ari Brynjólfsson kynningarstjóri kynnti drög að nýrri samskiptastefnu Fíh. Mikilvægt er að hafa tengiliðanet hjúkrunarfræðinga m.a. fyrir fjölmiðla. Fíh er öflug fagstétt sem stóð hvað fremst í heimsfaraldrinum en nýtur ekki kjara og starfsaðstæðna í samræmi við álag og ábyrgð í starfi þrátt fyrir að vera hjartað í heilbrigðiskerfinu.

Afgreiðsla: Stjórnarmenn fengu góðar ábendingar sem unnið verður áfram með innan stjórnar.

5. Hjúkrunarþing 2022

Hjúkrunarþing verður haldið þriðjudaginn 25. október næstkomandi á Grand Hótel með yfirskriftinni: *Stefna Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum*. Unnið verður að aðgerðaáætlun við stefnuna.

Afgreiðsla: Stjórnarmenn fara yfir starfsáætlun stjórnar og komi með tillögur sem síðan er hægt að nota til hliðsjónar á hjúkrunarþinginu. Stjórnarmenn mæta á þingið.

6. Kannanir á vegum Fíh

Kjarakönnun er nú í gangi. Orlofskönnun og þjónustukönnun eru í bígerð. Önnur könnun vegna kjaramála er væntanleg í lok árs eða byrjun árs 2023. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn fagnar þessum könnunum því mikilvægt er að heyra skoðanir hjúkrunarfræðinga til frekari mótunar á málefnum stéttarinnar.

7. Erlent samstarf

Formaður fór yfir erlent samstarf. Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn lýsir ánægju sinni með erlent samstarf og þau áhrif sem Fíh og íslenskir hjúkrunarfræðingar eru að hafa á hjúkrun erlendis. Það er einnig ávinningur fyrir Ísland.

8. ICNP setrið

Ásta Thoroddsen forstöðumaður Rannsóknar- og þróunarseturs á Íslandi, International Classification for Nursing Practice (ICNP), Guðrún Auður Harðardóttir i frá embætti landlæknis, Brynja Örlygsdóttir, formaður stjórnar Rannsóknar- og þróunarsetursins og Hanna Kristín Guðjónsdóttir verkefnisstjóri frá Landspítala kynntu setrið. Leitað var eftir samstarfi, stuðningi og auknum tengslum við félagið.

Stuðningurinn felst í formi fjárstyrks, Fíh tilnefni áheyrnarfulltrúa að setrinu og fagleg málefni.

Afgreiðsla: Stjórn Fíh mun tilnefna áheyrnarfulltrúa og skoða frekar hvernig félagið geti stutt við ICNP setrið.

Stjórnarfundur slitið kl. 15.45.

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 21. september 2022.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, ritari Fíh